

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 7. nóvember kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1134. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt. Fundinn sátu: Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigurður Stefán Karlsson og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. A gata 1 – Surtlugata - USK23090318

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðu hesthúsi á lóð nr. 10 við Surtlugötu. Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

2. Almennadalur 9 - BN060970

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja hesthús, fjögur rými í einni lengju á tveimur hæðum, kaffistofa og stoðrymi á efri hæð í húsi nr. 9 á lóð nr. 9-15 við Almennadal.

Stærð: 547,2 ferm., 1.817,4 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuða, ódagsett, greinargerð verkfræðings dags. 18. apríl 2022 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 9. maí 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022.

Gjald kr. 12.600.

Afgreiðsla:

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

3. Árvellir - USK23090213

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að endurnýja rotpró á lóð nr 2. við Árvelli.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

4. **Árvellir 2 - USK23090214**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að endurnýja rotþró á lóð nr 2. við Árvelli.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

5. **Bergstaðastræti 70 - USK23070040**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta gluggum, breyttir og/eða stækkaðir, svalahurð verður gler í stað timburs í húsi nr. 70 við Bergstaðastræti, erindinu fylgir umsögn Minjastofnunar dags.18.okt.2023.

Gjald kr.14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. **Bergþórugata 18 - USK23090180**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058971 vegna lokaúttektar, þannig að innra skipulagi er breytt í fjölbýlishús á lóð nr. 18 við Bergþórugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum samþykktum 12. október 2021.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

7. **Bjarnarstígur 9 - USK23050253**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. og rishæð á fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Bjarnarstíg, erindi fylgir samþykki meðeiganda.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

8. **Blikastaðavegur 25 - USK23050060**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01, 02, 03, 04 og 18 á lóð nr 25 við Blikastaðaveg.

Mhl. 01: 106 ferm., 316 rúmm.

Mhl. 02: 121 ferm., 353 rúmm.

Mhl.03: 216 ferm., 694 rúmm.

Mhl. 04: 139 ferm., 383 rúmm.

Mhl. 18: 25 ferm., 74 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. **Brekkubær 35 - USK23100134**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að bæta við svalalokunum á hús á lóð nr. 29-35 við Brekkubæ.

Erindi fylgir samþykki eigenda í Brekkubæ 29-39.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. **Bæjarflöt 19D - USK23070164**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 19A við Bæjarflöt.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Lagfæra skráningu.

11. **Bústaðavegur 67 - USK23100068**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlið húss á lóð nr. 67 við Bústaðaveg.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. **Engjavegur 13 - USK23100360**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja geymslu á lóð nr. 13 við Engjaveg.

Stærð: 60 ferm. 234 rúmm.

Erindi fylgir hæðar- og mæliblað.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. **Fiskislóð 41 - USK23090286**

Lýsing:

Sótt er um leyfi að breyta erindi BN061019 á lóð nr. 41 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Gjald kr. 14.500

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

14. Frakkastígur 22 - BN061832

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að setja svalir á bakhlið íbúða 01-0101 og 01-0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 22 við Frakkastíg. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 13. mars 2023 og yfirlit breytinga. Gjald kr.13.200.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Freyjubrunnur 33 - USK23100082

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á íbúð 0101 í húsi nr. 33 við Freyjubrunn. Gjald kr.14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Grensásvegur 24 - USK23030024

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716 þannig að viðbygging er stækkuð og hækkuð til suðurs við gistiheimili í flokki II, teg. b., fyrir 26 gesti, í mhl. 01 á lóð nr. 24 við Grensásveg.

Stækkun: 336.0 ferm., 956.4 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, lóðarblað og umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 1. apríl 2022 .

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 22 og Heiðargerði 65, 63, 61 og 59, frá 14. júní 2023 til og með 12. júlí 2023.

Engar athugasemdir bárust

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Lagfæra skráningu.

17. Grjótháls 1-3 - USK23100308

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058492, með síðari breytingum BN059157, BN061547, BN061735 og USK23050024, vegna áfanga- og byggingstjóraskipta uppbyggingar mhl.01 og mhl.02 á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.

Jafnframt er erindi USK23080166 dregið tilbaka.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. í október 2023, teikningaskrá dags. 24. október 2023, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum, mæliblað dags. 25. maí 1995 og hæðablað dags. febrúar 1978.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

18. **Hafnarstræti 1-3 - USK23070106**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að stækka veitingarstað í flokki ?, tegund ? fyrir alls ? gesti með því að breyta í veitingasal skrifstofu í austurenda efri hæðar, koma fyrir vatnsúðakerfi í hluta byggingar og glugga og nýjum flóttastiga á norðuhlíð veitinga- og verslunarhúss á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir greinargerð Örugg efh. um brunavarnir dags. 3. nóvember 2022.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. **Hlíðarfótur 15 - USK23080203**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að innrétta skrifstofu fyrir 14 manns í rými 0102 í atvinnu- og íbúðarhúsi við Hlíðarfót 15, mhl.05, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum uppsettum á teikningu 002 dags. 31. október 2023.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. **Hraunbær 103B - USK23100024**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að fjarlægja tvö útljós í fjölbýlishúsi á lóð nr. 103B við Hraunbær

Erindi fylgir yfirlit breytingar.

Gjald kr. 14.500

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

21. **Hvassaleiti 46 - USK23080088**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta sameiginlegu geymslurými í geymslur og herbergi í húsi á lóð nr. 46 við Hvassaleiti.

Erindi fylgir fundargerð húsfundar dags 7. febrúar 2023.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

22. **Hverfisgata 123 - USK23090289**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti húss á lóð nr. 123 við Hverfisgötu. Erindi fylgir mæliblað. Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. **Kalkslétta 1 - USK23100040**

Lýsing:

Sótt er um leyfi að byggja tæknirými við starfsmannaskúr á lóð nr. 1 við Kalksléttu.

Stærð: 44 ferm., 111,2 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. **Köllunarklettsvegur 1 - USK23080236**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 01 og 10 í mhl. 10, innrétta skrifstofur og lager, byggja milliloft yfir lager í mhl. 10 og innrétta þar skrifstofur, opna tímabundið milli mhl. 01 og mhl. 10, síkka glugga og byggja svalir á vesturhlið mhl. 10, bæta við dokkum, hurðum og skábrautum á austurhlið mhl. 10 ásamt því að klæða mhl. 10 að utan á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun: xx ferm.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. **Laugavegur 105 - USK23060061**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060167 vegna lokaúttektar þannig að brunavarnir og skráningartafla eru uppfærð, jafnframt því að minni háttar breytingar hafa átt sér stað á rýmisskipan og innra skipulagi í íbúðar-og gistihúsi í flokki II tegund g á lóð nr. 105 við Laugaveg.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá verkfræðistofunni Örugger ehf, dags. 6. september 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26 apríl 2022.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

26. **Laugavegur 47 - USK23100080**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057714, þannig að gerðar eru breytingar á brunavörnum í veitingarstað í flokki II, tegund E, kaffihús í húsi á lóð nr. 47 við Laugaveg.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. **Laugavegur 60A - USK23100041**

Lýsing:

Sótt er um breytingu á innra skipulagi húss, breytt er úr veitingastað í snyrtistofu á lóð nr 60A við Laugavegi.

Erindinu fylgir samþykki eignada ódags. og breytingarskjal.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. **Lindargata 50 - USK23090112**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra og ytra fyrirkomulagi húss á lóð nr. 50 við Lindargötu.

Erindi fylgir breytingarskjal

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. **Lyngháls 1 - USK23080167**

Lýsing:

Sótt er um stöðuleyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lyngháls.

Stærð: 172,0 ferm., xxx,x rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

30. **Lyngháls 7 - USK23090161**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að stækka hús á lóð nr. 7 við Lyngháls.

Stærð: 513,9 ferm., 2.750,6 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

31. **Mýrargata 41 - USK23100120**

Lýsing:

Sótt um leyfi til að breyta erindi BN060025 þannig að eignahald geymslu 0031 breytist og stærð svala á 6. og 7. hæð leiðréttist í húsi á lóð nr. 64 við Vesturgötu.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. **Rauðarárstígur 27 - USK23030371**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að innrétta 18 íbúðir á 2., 3. og 4. hæð, fjölga fasteignum og byggja hjóla- og vagnaskýli austan við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa (SN21609) dags. 4. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 28. mars 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2023 og greinargerð frá teiknistofunni Storð vegna lóðarhönnunar dags. 24. október 2023.

Stækkun, Mhl. 02, A-rými: 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými: 15,6 ferm.

Stærð eftir breytingar,

Mhl. 01: A-rými 2.129 ferm., 6.558,5 rúmm., B-rými 118,6 ferm.

Mhl. 02: A-rými 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými 15,6 ferm.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

33. **Sigtún 27 - USK23080034**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að færa til léttu innveggi og breyta hólfun milli íbúðar og sameignar í kjallara húss á lóð nr. 27 við Sigtún.

Erindi fylgir samþykki eiganda.

Gjald 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. **Síðumúli 10 - USK23100121**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061873 þannig að stigahús á 3. hæð er lokað af og texti um brunavarnir og skráningartafla eru uppfærð í mhl. 01 og mhl. 02 á lóð nr. 10 við Síðumúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð hönnunarstjóra dags, 31. 10 2022.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

35. **Smiðjustígur 13 - USK23010141**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að innrétta 18 íbúðir á 2., 3. og 4. hæð, fjölga fasteignum og byggja hjóla- og vagnaskýli austan við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa (SN21609) dags. 4. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 28. mars 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2023 og greinargerð frá teiknistofunni Storð vegna lóðarhönnunar dags. 24. október 2023.

Stækkun, Mhl. 02, A-rými: 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými: 15,6 ferm.

Stærð eftir breytingar,

Mhl. 01: A-rými 2.129 ferm., 6.558,5 rúmm., B-rými 118,6 ferm.

Mhl. 02: A-rými 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými 15,6 ferm.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Lagfæra skráningu.

36. Strýtusel 7 - USK23020254

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja léttbyggðan sólskála og byggja þess í stað steinsteypa viðbyggingu við suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 7 við Strýtusel. Stækkun: 18.3 ferm., xx.x rúmm. Erindi fylgir hæðablað, mæliblað, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á afriti af meðfylgjandi aðaluppdráttum. Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. Sundlaugavegur 24 - BN061113

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, gera sér íbúð í risi, hækka þak, gera glugga og kvisti á austur- og vesturþekju íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Sundlaugaveg.

Stækkun 54.5 ferm., 87.8 rúmm.

Erindi fylgir afrit af samþykki meðlóðarhafa dags. 31. maí 2022, ritað á A4 afrit af teikningu Basalts arkitekta nr. 1_01_01_01, dags. 25. maí 2022, skýringarteikning Basalt arkitekta nr. 1_01_01_03 dags. 22. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum samþykktum 11. janúar 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022 Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022.

Gjald kr. 12.600.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Tjarnargata 30 - USK23090337

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030352 þannig að þakkantur er hækkaður um 5 cm. og byggingarlýsing lagfærð í húsi á lóð nr. 30 við Tjarnargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. Þingholtsstræti 11 - USK23020199

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að breyta notkun og skráningu efri hæðar ,0201, í sjálfstæða íbúð og fjölga eignum, í húsi á lóð nr. 11 við Þingholtsstræti.

Erindi fylgir afrit af uppdrætti teiknistofunnar Arko nr. 102 samþykktum þann 30. júní 1994.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Ýmis mál.

40. Lág múli 6-8 - Led skilti í óleyfi - USK23040166

Lýsing:

Lagt er fram bréf eftirlitsdeildar byggingarfulltrúa, dags. 6. nóvember 2023 - þar sem tilkynnt er um dagsektir, kr. 150.000,- vegna LED skiltis sem ekki er byggingarleyfi fyrir.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

41. Kalkslétta 1 og Koparslétta 22 - 34.542.2 - USK23100236

Lýsing:

Sameina lóðirnar Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22 og stækka lítilega sameinaða lóð.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 11:030

Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir